



Akraneskaupstaður

Innanríkisráðuneytið  
b.t. Ólafar Nordal innanríkisráðherra,  
Sölvhólsgrötu 7  
150 Reykjavík

Akranesi, 8. desember 2014

1401225 RÁ/gjó

### Vegna reglugerðar um lögregluumdæmi lögreglustjóra

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar lýsir undirrituð yfir vonbrigðum með nýsetta reglugerð um lögregluumdæmi lögreglustjóra þar sem kveðið er á um að lögreglustjórinn á Vesturlandi verði staðsettur í Borgarnesi. Akraneskaupstaður hefur með umsögn sinni og öðrum bréfaskriftum, ásamt fundi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs með innanríkisráðherra, lýst yfir þeirri eindregnu skoðun bæjaryfirvalda að aðalstöð lögreglustjóra á Vesturlandi væri best fyrir komið á Akranesi. Sú afstaða byggir í fyrsta lagi á stærð sveitarfélagsins en íbúafjöldi hér er tæplega 6.700 manns og er Akranes langfjöldmennasti byggðakjarninn á Vesturlandi. Einnig mikilvægi þess að hafa embætti lögreglustjóra og rannsóknadeildina á sama stað.

Á fundi bæjarráðs þann 5. desember síðastliðinn var bæjarstjóra falið að óska eftir rökstuðningi vegna þeirrar ákvörðunar að staðsetja embættið í Borgarnesi og jafnframt að óska eftir öllum umsögnum um málið. Með þessu bréfi er þeirri ósk komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri

Fylgiskjöl:

1. Umsögn Akraneskaupstaðar, dags. 16. október 2014
2. Tölvupóstur frá Úlfari Lúðvíkssyni, dags. 9. september 2014



Akraneskaupstaður

3. Bréf til innanríkisráðherra, dags. 19. júní 2014
4. Bréf til innanríkisráðherra, dags. 10. júní 2014
5. Bréf til innanríkisráðherra, dags. 10. apríl 2014
6. Umsögn Akraneskaupstaðar á frumvarpi um breytingu á lögreglulögum, þingskjali 459 – 251. máli, dags. 11. febrúar 2014.



Innanríkisráðuneytið  
Hr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson dómsmálaráðherra  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Akranesi 16. október 2014  
Málsnr. 1401225 RÁ/ÓA/sa

### **Efni: Umsögn um reglugerðardrög um lögregluumdæmi lögreglustjóra og umdæmi sýslumanna**

Innanríkisráðuneytið hefur nú birt á heimasíðu sinni drög að reglugerð um umdæmi lögreglustjóra og umdæmi sýslumanna. Þar kemur fram að ekki er fyrirhugað að aðalstöð lögreglustjóra eða skrifstofa sýslumanns fyrir Vesturland verði staðsett á Akranesi.

Með hagsmuni Akurnesinga í huga getur bæjarráð Akraneskaupstaðar ekki sætt sig við fyrirliggjandi reglugerðardrög með vísan til eftirfarandi:

- Akranes er langfjölmennasti byggðakjarninn á Vesturlandi með um 6.700 íbúa eða rúmlega þrisvar sinnum fleiri en sá byggðakjarni er næstur kemur. Gangi þessar fyrirætlanir eftir verður Akranes eina sveitarfélagið af fjölmennustu sveitarfélögum nýju umdæmanna sem hvorki hafa aðalskrifstofu sýslumanns né lögreglustjóra. Að auki er Grundartangi í næsta nágrenni við kaupstaðinn en þar eru á annað þúsund manns daglega við störf og í undirbúningi er frekari uppbygging svæðisins sem mun kalla á yfir fjögur hundruð störf með tilheyrandi fólksfjölgun á Akranesi. Að auki eru tvær hafnir með mikla starfsemi á svæðinu.
- Fjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi, þar er eina lögreglustöðin á svæðinu með sólarhringsvakt enda málafjöldinn langmestur þar. Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið staðsett á Akranesi frá árinu 2007. Þar hefur byggst upp öflug rannsóknardeild sem hefur það hlutverk að rannsaka öll alvarlegri brot á Vesturlandi. Það eru veigamikil rök fyrir því að lögreglustjórinn sé staðsettur á sama stað og rannsóknardeildin vegna hins nána samstarfs sem þarf að vera um rannsókn og saksókn flóknari mála í samræmi við auknar kröfur dómstóla um meðferð sakamála. Tölur úr málaskrá lögreglu síðustu þriggja ára (2011-2013) sýna að Akranes er með tæplega helming allra hegningarlaga og sérrefsilagabrota í lögregluumdæminu og ef einungis er horft til alvarlegra hegningarlaga brota þá eru um 60% slíkra brota framin á Akranesi.
- Formaður bæjarráðs og bærarstjóri heimsóttu innanríkisráðherra þann 19. júní síðastliðinn og fengu fullvissu um að sá sem yrði skipaður lögreglustjóri hefði mikið um það að segja hvar skrifstofa lögreglustjóra yrði staðsett. Úlfar Lúðvíksson nýskipaður lögreglustjóri sendi bærarstjóra Akraness og sveitarstjóra Borgarbyggðar



## Akraneskaupstaður

meðfylgjandi tölvupóst þann 9.september sl. (fylgiskjal 1) þar sem hann skýrir frá og rökstyður það mat sitt að aðalstöðvar lögreglustjóra skuli vera á Akranesi og muni hann leggja það til við ráðherra.Það er því með ólíkindum að ráðherra sniðgangi faglegt álit lögreglustjóra.

- Enginn rökstuðningur hefur komið fram um það hversvegna innanríkisráðherra velur að staðsetja sýslumannsembættið í Stykkishólmi og embætti lögreglustjóra í Borgarnesi. Ef rökstuðningurinn er sá að embættin þurfi að vera nálægt miðju landsvæðisins þá er valið á Stykkishólmi fyrir aðsetur sýslumanns sérkennilegt.

Bæjarráð Akraneskaupaðar óskar eftir því að tekið verði fullt tillit til ofantalinna athugasemda og að breytingar verði gerðar á fyrirliggjandi reglugerðardrögum með þeim hætti að hið minnsta aðalskrifstofa lögreglustjóra verði staðsett á Akranesi enda þjóni það hagsmunum umdæmisins best.

Virðingarfyllt,

f.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri.

### Bæjarráð Akraneskaupstaðar:

Ólafur Adolphsson,  
formaður

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir  
bæjarfulltrúi

Ingibjörg Valdimarsdóttir  
bæjarfulltrúi

Ingibjörg Pálmadóttir  
bæjarfulltrúi

Valdís Eyjólfsson  
bæjarfulltrúi

## Guðný J. Ólafsdóttir

---

**Subject:** FW: Lögreglustjórinn á Vesturlandi

**From:** Úlfar Lúðvíksson <[ulfar@syslumenn.is](mailto:ulfar@syslumenn.is)>

**Date:** 9 September 2014 14:10:23 CEST

**To:** Regína Ásvaldsdóttir <[regina.asvaldsdottir@akranes.is](mailto:regina.asvaldsdottir@akranes.is)>, "kolfinna@borgarbyggd.is" <[kolfinna@borgarbyggd.is](mailto:kolfinna@borgarbyggd.is)>

**Subject:** Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Sælar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 51/2014 sem breytir 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 ákveður ráðherra m.a. í reglugerð hvar aðalstöð lögreglustjóra skal staðsett og hvar lögreglustöðvar verði starfræktar, að höfðu samráði við lögreglustjóra.

Eftir að hafa skoðað aðstöðu lögreglu á Snæfellsnesi, Borgarnesi og á Akranesi og velt fyrir mér aðstöðu lögreglu og framtíðarmöguleikum hennar á svæðinu er það niðurstaða mín að heppilegast sé að aðalstöð lögreglustjóra verði á Akranesi og mun ég leggja það til við dómsmálaráðherra.

Það er hins vegar ráðherra að ákveða hvar aðalstöðin verður.

Á Akranesi er rekin öflug rannsóknadeild fyrir lögregluembættin á Vesturlandi en mikilvægt er að slík deild sé staðsett þar sem flestir búa innan umdæmis en flutningur á þeirri starfsemi annað er ekki skynsamlegur.

Flest ofbeldis- og kynferðisbrot koma upp í umdæmi lögreglunnar á Akranesi. Mál sem eru vandasöm og tímafrek í rannsókn.

Aðstaða lögreglu á Akranesi er til fyrirmyndar og möguleikar til frekari nýtingar húsnæðis góðir.

Nálægð við Reykjavík er kostur en fjarlægð frá Héraðsdómi Vesturlands ekki hindrun.

Að athuguðu máli tel ég að embættið þurfi að sína styrk sinn í fjölmennasta byggðakjarnanum án þess að það komi niður á starfsemi lögreglu annarsstaðar í umdæmi nýs lögreglustjóra.

Þar sem þið voruð í sambandi við mig um daginn tel ég rétt að láta ykkur vita af breyttri afstöðu minni.

Bestu kveðjur,  
Úlfar Lúðvíksson.



Akraneskaupstaður

Innanríkisráðuneytið  
Innanríkisráðherra  
Hanna Birna Kristjánsdóttir  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Akranesi, 19. júní 2014  
1401225 RÁ/gjó

**Efni: Hugmyndir um staðsetningu höfuðstöðva lögreglustjóra og sýslumanns á Vesturlandi.**

Þann 22. maí s.l. voru birt ný lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði sem og breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996.

Hugmyndir liggja fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um staðsetningu höfuðstöðva sýslumanns- og lögreglustjóraembætta á Vesturlandi en þær hafa komið fram í umræðuskjölum sem ráðuneytið hefur birt. Í hugmyndum ráðuneytisins um væntanlegar breytingar á starfsemi lögreglu- og sýslumannsembætta er gert ráð fyrir að aðsetur sýslumanns verði í Stykkishólmi og aðsetur lögreglustjóra í Borgarnesi.

Akranes er langfjölmennasti byggðarkjarninn á Vesturlandi með tæplega 7.000 íbúa og að auki er Grundartangi í næsta nágrenni við kaupstaðinn og þar eru á annað þúsund manns daglega við störf. Auk þess eru tvær hafnir með mikla starfsemi á svæðinu.

Akraneskaupstaður gerir kröfu um að lögreglustjóraembættið verði staðsett á Akranesi. Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa tekið jákvætt í þær breytingar sem eru framundan, það er sameiningu embætta, enda alltaf gengið út frá því að annaðhvort sýslumannsembættið eða lögreglustjóraembættið yrði staðsett á Akranesi. Það er einungis á Vesturlandi sem gengið er framhjá stærsta byggðarkjarnanum við val á staðsetningu embætta.

Fjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi, þar er eina lögreglustöðin á svæðinu með sólarhringsvakt enda er málafjöldinn langmestur þar. Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið staðsett á Akranesi frá árinu 2007.

Þar hefur byggst upp öflug rannsóknardeild sem hefur það hlutverk að rannsaka öll alvarlegri brot á Vesturlandi (umdæmi sýslumanna á Akranesi, Snæfellsnesi og Borgarnesi) sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Það eru veigamikil rök fyrir því að lögreglustjórinn sé staðsettur á sama stað og rannsóknardeildin vegna hins nána samstarfs sem þarf að vera um rannsókn og saksókn flóknari mála í samræmi við auknar kröfur dómstóla um meðferð sakamála. Tölur úr málaskrá lögreglu (LÖKE) síðustu þriggja ára (2011 – 2013) sýna að Akranes er með tæplega helming allra hegningarlaga og sérrefsilagabrota á Vesturlandi, eða 805 af 1737 brotum. Ef einungis er horft til alvarlegra hegningarlagabrota þá eru 60% slíkra brota framin á Akranesi og auk þess kemur rannsóknardeild lögreglunnar á Akranesi að þriðjungu allra alvarlegra brota sem framin eru í umdæmi Snæfellsness og Borgarness.

Að mati sérfróðra aðila eru tengsl lögreglustjóra við rannsóknardeild mun mikilvægari en tengslin á milli lögreglustjóra og héraðsdóms, en fyrirtaka á sér stað í mörgum tilvikum hjá öðrum dómstólum en héraðsdómi Vesturlands, s.s. í Reykjavík og á Selfossi.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar hefur mótmælt þessum áformum, með bókun frá 5. júní s.l. og var bókunin send innanríkisráðherra og öllum þingmönnum kjördæmisins. Ennfremur liggur fyrir í innanríkisráðuneytinu bréf frá bæjarstjóranum á Akranesi, dagsett þann 10. apríl s.l. þar sem komið er á framfæri þeirri ósk bæjaryfirvalda að lögreglustjóraembættið verði á Akranesi.

Bæjaryfirvöld á Akranesi ítreka með þessu bréfi mikilvægi þess að lögreglustjóraembættið verði staðsett á Akranesi.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri



Akraneskaupstaður

Innanríkisráðuneytið  
Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Akranesi, 10. júní 2014

1401225 RÁ/sa

**Efni:** *Bókun bæjarráðs Akraneskaupstaðar vegna hugmynda um staðsetningu höfuðstöðva lögreglustjóra og sýslumanns á Vesturlandi.*

Hjá innanríkisráðuneytinu liggja fyrir hugmyndir um staðsetningu höfuðstöðva lögreglustjóra og sýslumanna. Hvorki er gert ráð fyrir að lögreglustjóri né sýslumaður verði staðsettur á Akranesi.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 5. júní sl. og eftirfarandi bókun samþykkt:

„Bæjarráð Akraneskaupstaðar mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem liggja fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um staðsetningu höfuðstöðva sýslumanns og lögreglustjóra á Vesturlandi en hvorki er gert ráð fyrir að lögreglustjóri né sýslumaður verði staðsettur á Akranesi. Í umræðuskjali ráðuneytisins er gert ráð fyrir að aðsetur sýslumanns verði í Stykkishólmi og aðsetur lögreglustjóra í Borgarnesi.

Akranes er langfjölmennasti byggðarkjarninn á Vesturlandi með tæplega 7.000 íbúa og að auki er Grundartangi í næsta nágrenni við kaupstaðinn og þar eru á annað þúsund manns daglega við störf. Auk þess eru tvær hafnir með mikla starfsemi á svæðinu.

Akraneskaupstaður gerir kröfu um að lögreglustjóraembættið hið minnsta, verði staðsett á Akranesi. Langfjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi, þar er eina lögreglustöðin á svæðinu með sólarhringsvakt enda er málafjöldinn langmestur þar.



Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið staðsett á Akranesi frá árinu 2007 þar sem byggst hefur upp mikil sérþekking og nauðsyn þess að hafa yfirstjórn lögreglu og rannsóknardeild á sama stað er augljós og öllum kunn.

Hugmyndir innanríkisráðuneytisins eru með öllu óásættanlegar fyrir íbúa á Akranesi og verður ekki við unað.

Bæjarráð felur bærstjóra að fylgja málinu eftir gagnvart innanríkisráðherra og þingmönnum kjördæmisins og eftir atvikum boða til íbúafundar um málið.“

Undirrituð hefur þegar haft samband við skrifstofu innanríkisráðherra og óskað eftir fundi.

Með erindi þessu er bókun bæjarráðs Akraneskaupstaðar komið á framfæri en jafnframt áréttuð ósk undirritaðrar um fund.

Virðingarfyllst,

  
Regína Asvaldsdóttir,  
bærstjóri



**Heiti:** Bæjarráð - 3221 (5.6.2014)

**Fyrirtæki:** Alþingi

**Mál:** Frumvarp til laga nr. 251 - um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur)

**Númer:** 1401225

**Dagsetning fundar:** 5.6.2014

**Niðurstaða:**

**Athugasemdir:** Hjá innanríkisráðuneytinu liggja fyrir hugmyndir um staðsetningu höfuðstöðva lögreglustjóra og sýslumanna. Hvorki er gert ráð fyrir að lögreglustjóri né sýslumaður verði staðsettur á Akranesi.

**Niðurstaða**

Bæjarráð Akraneskaupstaðar mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem liggja fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um staðsetningu höfuðstöðva sýslumanns- og lögreglustjóraembætta á Vesturlandi. Hvorki er gert ráð fyrir að lögreglustjóri né sýslumaður verði staðsettir á Akranesi. Í hugmyndum ráðuneytisins um væntanlegar breytingar á starfsemi lögreglu- og sýslumannsembætta er gert ráð fyrir að aðsetur sýslumanns verði í Stykkishólmi og aðsetur lögreglustjóra í Borgarnesi.

Akranes er langfjölmennasti byggðarkjarninn á Vesturlandi með tæplega 7.000 íbúa og að auki er Grundartangi í næsta nágrenni við kaupstaðinn og þar eru á annað þúsund manns daglega við störf. Auk þess eru tvær hafnir með mikla starfsemi á svæðinu.

Akraneskaupstaður gerir kröfu um að lögreglustjóraembættið, hið minnsta, verði staðsett á Akranesi. Langfjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi er á Akranesi, þar er eina lögreglustöðin á svæðinu með sólarhringsvakt enda er málafjöldinn langmestur þar. Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið staðsett á Akranesi frá árinu 2007 þar sem byggst hefur upp mikil sérþekking og nauðsyn þess að hafa yfirstjórn lögreglu og rannsóknardeild á sama stað er augljós og öllum kunn.

Hugmyndir innanríkisráðuneytisins eru með öllu óásættanlegar fyrir íbúa á Akranesi og verður ekki við unað.

Bæjarráð felur bærarstjóra að fylgja málinu eftir gagnvart innanríkisráðherra og þingmönnum kjördæmisins og eftir atvikum boða til íbúafundar um málið.



Akraneskaupstaður

Innanríkisráðuneytið  
B.t. Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, ráðherra  
Nefndasvið Alþingis, b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Akranesi, 10. apríl 2014

1401225 RÁ/sa

**Efni: *Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þingskjal 459-251***


Vísað er til fyrri umsagnar Akraneskaupstaðar um ofangreint mál.

Varðandi staðsetningu aðalstöðvar lögreglustjóraembættis Vesturlands og ákvörðun um starfsstöðvar starfsfólks vill Akraneskaupstaður koma á framfæri við ráðherra eftirfarandi staðreyndum:

- Akraneskaupstaður er langstærsta sveitarfélagið á Vesturlandi með um 6700 íbúa.
- Íbúar Hvalfjarðarsveitar eru rúmlega 600 talsins og Grundartangi, sem er steinsnar frá Akranesi, er með stóra vinnustaði þar sem starfa allt að 1000 manns.
- Lögreglan á Akranesi er fjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi, eða 11 lögreglumenn.
- Miðlæg rannsóknardeild hefur verið starfrækt á Akranesi frá árinu 2007 sem þjónustar allt Vesturland. Í deildinni eru nú þrír lögreglumenn og mála fjöldinn mikill en sérstök áhersla hefur verið lögð á rannsóknir kynferðisafbrotu undanfarin ár og mikilvæg sérfræðiþekking hefur byggst upp á undanförunum árum. Nauðsynlegt er að lögreglustjórinn sé staðsettur á sama stað og rannsóknardeildin vegna þess nána samstarfs sem þarf að vera um rannsókn og saksókn flóknari mála til að tryggja enn skilvirkari og vandaðri vinnubrögð, sem er í samræmi við auknar kröfur dómstóla um meðferð sakamála.

Það er ósk Akraneskaupstaðar að tekið verði tillit til ofangreindar sjónarmiða við ákvörðun um staðseningu aðalstöðvarinnar. Ennfremur að haft verði samráð við sveitarfélögin vegna ákvörðunarinnar sbr. 6. gr. frumvarpsins.

virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

Fylgigögn: Umsögn Akraneskaupstaðar, dags. 11. febrúar 2014.

Samrit: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis



Akraneskaupstaður

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis, b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Akranesi, 11. febrúar 2014

1401225 RÁ/sa

**Efni: *Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þingskjal 459 – 251. mál***

Á fundi í Borgarnesi 6. febrúar sl. fengu fulltrúar Akraneskaupstaðar kynningu innanríkisráðherra á fyrirhuguðum breytingum á skipan umdæma lögreglu og aðskilnað embætta lögreglustjóra og sýslumanna. Sá fundur var mjög gagnlegur og mikilvægt að geta rætt beint við ráðherra um svo mikilvægt mál.

Frumvarpið var lagt fram á 138., 139., 140. og 141. löggjafarþingi og er nú endurflutt að mestu óbreytt efnislega.

Akraneskaupstaður er fylgjandi meginmarkmiði frumvarpsins um eflingu lögreglunnar og tekur undir þau faglegu og fjárhagsleg sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu. Mikilvægt er að samráð verði sé haft við sveitarfélög um málefni lögreglunnar og er Akraneskaupstaður fylgjandi því fyrirkomulagi sem boðað er í 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir að sveitarstjórar/bæjarstjórar séu í samstarfsnefndum.

Akraneskaupstaður gerir ekki athugasemdir við að ákveðið verði í reglugerð umdæmamörk og staðsetning lögreglustöðva en vonast til að eiga kost á að veita umsögn um reglugerðardrögin þegar þau liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri